

Nd.

227. Breytingartillögur

[73. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 49/1981, um Framkvæmdasjóð aldraðra.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. 1. gr. hljóði svo:

1. tl. 2. gr. laganna hljóði svo:

Tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar skulu á árinu 1982 leggja á menn sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Skal gjaldið nema 200 kr. á hvern mann, en þó skulu börn innan 16 ára aldurs á tekjuárinu og þeir, sem eru 75 ára og eldri, undanþegnir gjaldinu, svo og þeir menn sem hafa tekjuskattsstofn undir 45 000 kr. Þá skal skattstjóri fella gjald þetta niður af þeim elli- og örorkulífeyrisþegum sem dveljast á dvalar- og hjúkrunarheimilum. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt.

2. Á eftir 1. gr. komi ný grein sem orðist svo:

Aftan við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðist svo:

Fjármálaráðuneytið skal skila Framkvæmdasjóði aldraðra ársfjórðungslega, á innheimtuárinu, $\frac{1}{4}$ af áætluðum tekjum sjóðsins skv. þessari grein.

3. Við 2. gr. Aftan við 3. tl. bætist: enda greiði ríkissjóður framlag beint í Framkvæmdasjóð, sbr. 2. tl. 2. gr.